

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

GRETTISGÖTU 89, 105 REYKJAVÍK
SÍMI 562 6688, FAX 562 9106



Alþingi
Erindi nr. P 125/1259
komudagur 27. 3. 2000

27/3 2000

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Á vegum BSRB hefur verið tekið til skoðunar frumvarp um breytingu á lögum nr.129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 260. mál.

Þegar á heildina er litið er gert ráð fyrir auknu eftirliti og aðhaldi með starfsemi lífeyrissjóða og er BSRB því fylgjandi að slíkt aðhald sé fyrir hendi.

Í frumvarpinu er lagt til að heimildir lífeyrissjóða til kaupa á hlutabréfum verði hækkaðar úr 35% af heildareignum viðkomandi sjóðs í 50% og heimildir til kaupa á erlendum verðbréfum verði hækkaðar úr 40% í 50%. BSRB leggst ekki gegn þessum breytingum.

Þá styðja samtökin þá breytingu sem felst í 9. grein frumvarpsins og heimilar að víkja frá eftirmannsreglu í eldri lífeyrissjóðum starfsmanna sveitarfélaga og taka upp sama fyrirkomulag og tekið var upp hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins við lagabreytingu sem tók gildi í byrjun árs 1997. BSRB leggur áherslu á að þessari heimild verði beitt á þann veg að einstaklingurinn hafi val um hvorri reglunni hann fylgi, eftirmannsreglu eða vísitölu dagvinnulauna opinberra starfsmanna. Augljóst er að þetta yrði sammingsatriði við viðkomandi stéttarfélög enda er hér um heimild að ræða.

f.h. BSRB

A handwritten signature in cursive script, which appears to read 'Svanhildur Halldórsdóttir'.
Svanhildur Halldórsdóttir